



Blaðsíða 4

Vegferð Eflingar

Blaðsíða 6

**Orlofskostir
félagsmanna**

Blaðsíða 19

**Forsætisráðherra
leit við**



Forsíða

Vilberg Lindi Sigmundsson er drengur góður og félagsmaður í Framsýn. Hér er hann að aðstoða Kára Pál Jónasson netagerðarmann með meiru við að ganga frá rækjutrolli fyrir Múlabergið frá Siglufirði sem kom til Húsavíkur á dögnum til að ná í nýtt troll.

ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 13. mars 2023

UPPLAG

1800

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Gleðileg tíðindi

Stéttarfélagin hafa undanfarið átt í viðræðum við Flugfélagið Erni um áframhaldandi samstarf um sérkjör á flugmiðum fyrir félagsmenn milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Nýlega var gengið frá samningi milli aðila sem gildir út árið 2023 og tryggir félagsmönnum sama verð á flugmiðum/kóðum og verið hefur síðustu mánuði eða kr. 15.000,- per flugferð. Samkomulagið byggir á því að Framsýn greiðir fyrirfram ákveðinn fjölda flugmiða sem ætlað er að endast út árið en tæplega 200 miðar/kóðar eru að meðaltali seldir til félagsmanna á mánuði í gegnum stéttarfélagin. Að sjálfsögðu ber að fagna þessum samningi enda um mikla kjarabót að ræða fyrir félagsmenn auk þess sem samningurinn treystir almennt flugsamgöngur milli landshluta, ekki síst í þágu Þingeyinga.



Gengið frá samningi við LS og SSÚ

Undirritaður hefur verið nýr kjarasamningur fyrir starfsfólk sem vinnur við uppstokkun eða beitningu í landi og netavinnu, en viðræður um nýjan samning hafa staðið yfir frá því í lok janúar. Samningurinn er á milli Starfsgreinasambands Íslands annars vegar og Landssambands smábátaeigenda og Samtaka smærri útgerða hins vegar sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn. Samningurinn gildir afturvirkur frá 1. nóvember 2022 og til 31. janúar 2024, sbr. kjarasamning SGS og SA sem undirritaður var 3. desember sl. Samkvæmt nýjum samningi hækka kauptrygging frá 1. nóvember 2022 um 44.959 kr. og verður 448.224 kr., en upphæðin miðast við 15. launaflokk og 5 ára starfsaldursþrep í launatöflu SGS og SA. Samninginn í heild sinni má nálgast á heimasíðu Framsýnar. Vissulega hefur dregið verulega úr beitningu í landi á félagssvæði Framsýnar, miðað við hér á árum áður þegar flestir skúrar neðan við bakkann á Húsavík voru fullir af öflugum beitningamönnum. Það sama á við um Raufarhöfn. Það er því við hæfi að birta eina góða mynd frá síðustu öld með þessari frétt af öflugum beitningamönnum þess tíma.



Aukin þjónusta við erlenda starfsmenn

Stéttarfélögin hafa ráðið Agnieszku Szczodrowsku í 50% starf hjá stéttarfélögum, hún verður á skrifstofunni á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Á miðvikudögum starfar Aga fyrir hádegi. Þannig vilja félögin bæta þjónustu við erlenda félagsmenn á svæðinu. Aga talar íslensku, pólsku og ensku. Verið velkomin.

Increased service for foreign workers

The unions have hired Agnieszka Szczodrowska for a 50% job with the unions, she will be in the office on Mondays, Wednesdays and Fridays. On Wednesdays, Aga is working to 12 p.m.. With this move, the union want to improve services for foreign members in the region. Aga speaks Icelandic, Polish and English. Welcome.

Dodatkowe usługi dla obcokrajowców

Związki zawodowe zatrudniły Agnieszka Szczodrowską na etacie 50%. Czas jej pracy to całe poniedziałki i piątki oraz środy do godz.12.00. W ten sposób związki zawodowe chcą usprawnić usługi dla obcokrajowców w naszym okręgu. Aga rozmawia po polsku, angielsku o islandzku.



Stórmeistarinn, Árni Sigurðsson, kom við á Skrifstofu stéttarfélaganna þar sem hann átti erindi á skrifstofuna. Aga tók vel á móti Árna og veitti honum góða þjónustu að sjálfsögðu, sitjandi á sínum bolta..

Upplýsandi fundur um lífeyrismál

Stéttarfélögin, Framsýn og Þingið, stóðu fyrir kynningarfundi í byrjun mars um lífeyrismál og breytingar sem fyrirhugaðar eru á samþykktum Lsj. Stapa. Í upphafi fundar fór formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, nokkrum orðum um mikilvægi þess að félagsmenn væru vel inn í sínum málum er varðaði lífeyrisréttindi og eftirlaun. Þess vegna hefði hann viljað sjá miklu fleiri sjóðfélaga á þessum mikilvæga fundi. Hann sagði fundinn haldinn í samstarfi við Lsj. Stapa. Því næst gaf hann gestum fundarins þeim Jóhanni Steinari og Jónu Finndísi orðið en þau skiptu með sér kynningunni á lífslíkum sjóðfélaga með tilliti til eftirlauna og örorku auk þess að fjalla um stöðu sjóðsins og framtíðarhorfur. Nýlega var lögð fram ný spá um lífslíkur fólks sem gerir ráð fyrir því að lífslíkur haldi áfram að hækka til framtíðar. Spáin hefur veruleg áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða. Frummælendur gerðu auk þess grein fyrir þeim hugmyndum sem unnið er eftir við að innleiða hækkingu lífslíkur í samþykktir sjóðsins. Reiknað er með því að tillögur þess efnis verði lagðar fyrir ársfund sjóðsins í vor. Áður verða þær til umræðu á fulltrúaráðsfundi, það er fyrir ársfundinn. Þau gerðu einnig grein fyrir rekstri sjóðsins og ávöxtun á nýliðnu ári. Jóhann Steinar og Jóna Finndís fengu fjölmargar spurningar frá áhugasömum fundarmönnum sem þau svöruðu eftir bestu getu. Eftir góðar og upplýsandi umræður þökkðu gestirnir fundarmönnum fyrir góða þátttöku í umræðunum um leið og fundarmenn þökkðu þeim sömuleiðis fyrir komuna. Hægt verður að fræðast betur um fyrirhugaðar breytingar á réttindakerfi sjóðsins inn á heimasíðu Lsj. Stapa, www.stapi.is.



STH fagnar 60 ára afmæli félagsins

Stjórn Starfsmannafélags Húsavíkur hefur falið Ferðanefnd félagsins að skipuleggja afmælisferð til útlanda á árinu til að fagna 60 ára afmæli félagsins. Reiknað er með að farið verði í ferðina í haust. Undanfarin ár hefur félagið lagt fjármagn til hliðar í ferðasjóð sem ætlað er að niðurgreiða ferðina fyrir starfandi félagsmenn. Þegar Ferðanefndin hefur skipulagt ferðina verður hún auglýst nánar.

Vegferð Eflingar



Það hefur tekið verulega á að sitja undir gegndarlausum árásum forystumanna Eflingar undanfarna mánuði sem haldið hafa uppi óskiljanlegum áróðri gegn kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þá hafa skrif forystumanna félagsins ekki síður vakið athygli, þar sem borin eru saman líf skjör félagsmanna Eflingar annars vegar og landsbyggðarfélaganna hins vegar. Því hefur verið haldið fram að félagsmenn Eflingar þurfi sérstaka framfærsluuppbót og mikið hærri laun sökum afgerandi meiri framfærslukostnaðar sem fylgi því að búa og starfa á höfuðborgarsvæðinu. Slík framsetning hefur engan annan tilgang en að ala á klofningi meðal verkafólks. Hver hefði trúað því að stéttarfélag íslensks láglæna fólks myndi krefjast þess að Samtök atvinnulífsins samþykktu að innleiða misskiptingu í launakjörum meðal láglæna fólks í sömu starfsgreinum eftir því í hvaða landshlutum þeir starfa? Já, það er illa komið fyrir íslenskri verkalyðshreyfingu.

Slá ryki í augu fólks með áróðri

Að slá ryki í augu fólks með útúrsnúningum og áróðri af þessu tagi er ljótur leikur. Það er sannarlega ástæða fyrir því að sögulegur fólksflótti hefur verið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á undanförunum áratugum og sú ástæða ætti öllum að vera kunn. Ætli forsvarsmenn Eflingar trúu því virkilega að fólk sem ákveður að taka sig upp og flytja búferlum á suðvesturhorn landsins sé að flytja velsældina og háu launin úti á landi, í hokrið í Reykjavík? Það mætti líka spyrja hvort að átak Bygðastofnunar „Brothættar byggðir“ sem sett var á stofn til að vinna gegn frekari fólksfækkun í smærri byggðarlögum hafi algjörlega farið fram hjá þeim? Sem betur fer hefur Reykjavík ekki þurft á slíkum aðgerðum að halda, enda hefur höfuðborgarsvæðið þanist út vegna velmegunar á

sama tíma og litlum sjávarplássum víðs vegar um landið hefur nánast blætt út. Það er ekki laust við að maður fái kjánahroll við að upplifa framsetningu forystu Eflingar á samanburði lífsgæða verkafólks á Íslandi. Að það halli á félagsmenn Eflingar er hrein og klár rökleysa og algjört virðingarleysi gagnvart íbúum á landsbyggðinni.

Raunverulegur framfærslukostnaður

Þegar borinn er saman framfærslukostnaður milli landshluta verður að setja alla útgjaldaliði heimilanna í körfu á hverjum stað og meta síðan hvar karfan er dýrust miðað við búsetu og lögbundna þjónustu. Þá liggur fyrir að tekjumöguleikar og launakjör eru almennt mun hærri í borginni við Faxaflóa en á landsbyggðinni. Samkvæmt opinberum gögnum voru þau 9% hærri árið 2021. Talandi um körfuna góðu. Við skulum líka setja í hana almenna þjónustu og verslun sem verkafólk og aðrir íbúar landsbyggðarinnar þurfa í mörgum tilfellum að sækja um langan veg með tilheyrandi eldsneytiskostnaði og vinnutapi. Þeir hinir sömu hafa ekki val um að ná niður heimilisútgjöldum með því að velja milli lágvöruslana í heimabyggð líkt og félagsmenn Eflingar sem búa við þann munað að hafa lágvöruslana nánast á hverju götuhorni. Vitað er að dýrasti útgjaldaliður heimilanna eru matarinnkaup og því skiptir verulega miklu máli fyrir alla að hafa gott aðgengi að lágu matvöruverði. Við skulum heldur ekki gleyma að setja í körfuna aðgengi fólks að framhalds- og háskólanámi. Ætli menn trúu því virkilega að ungt fólk flytji sér að kostnaðarlausu í framhalds- og/eða háskólanám til Reykjavíkur? Það er mjög kostnaðarsamt fyrir þennan stóra hóp að leigja sér húsnæði í höfuðborginni á okurverði, því það á þess ekki kost að búa í foreldrahúsum, nokkuð sem margir jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu hafa þó tök á. Forsvarsmenn Eflingar hafa talað um hátt hús-

næðisverð í Reykjavík, það réttlæti misskiptingu í kjörum láglaunafólks eftir búsetu. Því miður endurspeglast fáfræðin í þessari fullyrðingu hvað þá varðar sem falla undir þessa skilgreiningu. Vissulega er húsnæðisverðið hátt í Reykjavík, reyndar óviðunandi fyrir allt of marga. Það á ekki bara við um félagsmenn Eflingar heldur allan þann fjölmenna hóp íbúa annara sveitarfélaga sem orðið hafa að koma sér upp öðru heimili í Reykjavík er tengist framhaldsnámi eða atvinnu. Það er með kaupum eða með því að leigja húsnæði. Samanburður á bensínverði, rafmagns- og húshitunarkostnaði, flugfargjöldum innanlands, leikskólagjöldum og flutningskostnaði verða líka að fá pláss í körfunni enda um mjög kostnaðarsama liði að ræða. Reiknimeistari Eflingar ætti að gefa sér tíma til að fara inn á heimasíðu flutningafyrirtækjanna og slá inn í reiknivél málum t.d. á sófasetti eða rúmi og skoða kostnaðinn við að flytja viðkomandi vöru frá Reykjavík til Þórshafnar á Langanesi. Já, hann yrði hissa. Það myndi ekki ýta undir það að hann sæi ástæðu til að flytja út á land. Þá er full ástæða til að nefna misjafnt aðgengi fólks að sérfræði- og heilbrigðisþjónustu. Það er því miður ekki þannig að allir búi svo vel að vera í kallfæri við hátæknisjúkrahús og/ eða fæðingarhjálp eins og íbúar höfuðborgarsvæðisins, samanber unga fólkið á Austurlandi sem rataði í fjölmiðla á dögnum þar sem það þurfti að flytjast búferlum til að vera nálægt fæðingardeild, en slík þjónusta var ekki í boði á svæðinu. Um er að ræða gríðarlegan útgjaldalið fyrir þann fjölmenna hóp fólks sem þarf á þessari mikilvægu þjónustu að halda.

Við getum einnig tekið til umræðu byggingakostnað á köldustu svæðunum sem er verulega hærri en á höfuðborgarsvæðinu og aðgengi fólks að fjármögnun íbúðarhúsnæðis eftir landshlutum. Eigum við kannski að ræða til viðbótar um verðgildi sambærilegra húseigna á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið? Hvernig væri nú að Efling reiknaði út heildarmyndina í stað þess að handvelja nokkra þætti út úr framfærslumódelinu, félagsmönnum Eflingar til framdráttar? En höfum þá allt upp á borðinu til að gæta sanngirni.

Stjórnvöld geta ekki setið hjá

Reyndar væri hægt að tiltaka endalaus dæmi um þann mikla ójöfnuð sem þrífst á Íslandi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins, landsbyggðinni í óhag. Það ættu ekki að vera nýjar fréttir fyrir fólk sem fylgist á annað borð með þjóðfélagsumræðunni að helsti orsakavaldur byggðaröskunar á Íslandi er mismunur á opinberri þjónustu, launakjörum og vöruverði milli landshluta. Kallað hefur verið eftir því að stjórnvöld komi að málinu með sértækum aðgerðum samhliða kjarasamningum fyrir verkafólk á landsbyggðinni líkt og þekkist í Noregi, þar sem stjórnvöld hafa komið að því að jafna búsetuskilyrði fólks með skattalækkunum svo vitnað sé í slíkar aðgerðir í Norður Noregi, fjarri Osló.

Hér á landi hafa stjórnvöld því miður ekki gripið til sambærilegra aðgerða, enda engin byggðastefna í gildi og því blæðir landsbyggðinni.

Efling hafnaði samstöðunni

Þegar aðildarfélag Starfsgreinasambands Íslands lögðu í þá vegferð að móta sameiginlega kröfugerð vegna komandi kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins snemma á síðasta ári með samstöðuna að vopni, hafnaði Efling því að vera í samfloti með öðrum aðildarfélögum sambandsins. Það er hins vegar ekki boðlegur málflutningur að hálfu Eflingar að halda því fram að aðildarfélag sambandsins hafi brotið niður samstöðuna með undirskrift kjarasamnings þann 3. desember 2022 eftir margra mánaða samningaviðræður við SA. Kjarasamning sem tæplega 90% félagsmanna SGS samþykktu. Með samstöðuna að vopni var markmið Starfsgreinasambandsins að ná fram góðum kjarasamningum fyrir félagsmenn aðildarfélaga sambandsins sem Efling hafnaði. Þessi góða niðurstaða úr atkvæðagreiðslunni er stórmerkileg ekki í ljósi þess að Efling gerði allt sem í þeirra valdi stóð til þess að fá félagsmenn landsbyggðarfélaganna til að fella samninginn með skrifum sínum, símhringingum, ályktun og leka á viðkvæmum trúnaðarupplýsingum í fjölmiðla. Fyrir liggur að ályktun Eflingar fer á spjöld sögunar sem minnisvarði um niðurrif og óheilindi félagsins í garð annarra stéttarfélaga innan SGS. Sem betur fer sáu félagsmenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands í gegnum vinnubrögð Eflingar.

Uppgjörið

Eftir að félagsmenn Eflingar höfðu verið samningslausir í tæplega fjóra mánuði með tilheyrandi tekjuskurðingu gekk félagið loksins að Miðlunartillögu setts ríkissáttasemjara 1. mars. Tillagan byggir nánast alfarið á kjarasamningi SGS og SA frá því í desember. Niðurstaðan er skýr, 85% félagsmanna samþykktu miðlunartillöguna. Vissulega kemur þessi niðurstaða verulega á óvart, ekki síst í ljósi þess að Efling taldi kjarasamning SGS og SA ekki á vetur setjandi og sagði samninginn auk þess með öllu ófullnægjandi fyrir verkafólk á höfuðborgarsvæðinu. Til viðbótar setti félagið milljónir í auglýsaherferð til að tala samninginn niður, reyndar á röngum forsendum. Þá spöruðu netniðingarnir innan Starfsgreinasambands Íslands sem vann það eitt til saka að ganga frá kjarasamningi fyrir félagsmenn á forsendum láglaunafólks á landsbyggðinni. Efling stendur frami fyrir því að þurfa taka ákvörðun um hvort félagið ætli að vera í liði með öðrum aðildarfélögum SGS eða ekki í komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Það er alveg ljóst að ég á mér þann draum að öll 19 aðildarfélag Starfsgreinasambandsins sameinist til sóknar í komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Velji Efling hins vegar að standa eitt og sér, eins og þeir hafa reyndar boðað í fjölmiðlum auk þess að boða úrsögn úr Starfsgreinasambandi Íslands, gæti það orðið þungur baggi fyrir kjarabaráttu láglaunafólks í landinu.

Aðalsteinn Árni Baldursson

Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshús eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði ódýrt flug, tjaldstæðastyrkir og gistiávisanir á hótél og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadýnur. Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarstöðum



Sumarhúsin að Einarstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun

o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum. Sækja og greiða þarf fyrir línið hjá umsjónarmanni á Einarstöðum.

Umsóknarfrestur er til 17. apríl

Leiguverð sumarið 2023

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 31.000 á viku sumarið 2023. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 17. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi

er við lýði hjá stéttarfélagunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félögum.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum

rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenninu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Hálfoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6



Í boði er nýlegt 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með nýjum heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel

búið með þremur svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 2. júní til 1. september en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Sólheimar 23 Reykjavík



Íbúðin í Sólheimum er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.

Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Furulundur 11e - Akureyri



Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjónaherbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.

Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Orlofshús Eiðum



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið

stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi



Í boði eru fimm glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til

100 fm. Í íbúðunum eru tvö herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5



Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að

koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Alba gistiheimili – góður kostur



Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og

Bústaðavegar og því stutt frá flugvöllinum. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Sjá frekar inn á orlofssíðu Stéttarfélaganna.

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Veiðikortið 2023

Veiðikortið 2023 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða á sérstöku vildarverði, eða 5.700 krónur. Fullt verð er kr. 8.900. Greiða þarf fyrir veiðikortin á Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðan munu þau berast félagsmönnum með pósti. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á www.veidikortid.is.



Konvin Hotel By Keflavik Airport



Stéttarfélögin hafa verið með samning við Konvin Hotel By Keflavik Airport. Hótelíð hefur verið mjög vinsælt meðal félagsmanna stéttarfélaganna enda góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli hefur verið innifalinn í verðinu fyrir gistinguna. Með því að fara inn á orlofsvef stéttarfélaganna geta menn keypt ferðaávisun sem gildir sem afsláttur fyrir félagsmenn á gistingu. Auk þess hefur verið samið um viðbótarafslátt sem er innifalinn í uppgefnu verði á orlofsvefnum. Samningur stéttarfélaganna við hótelið rennur út í vor en unnið er að því að endursemja við hótelið um sambærileg kjör, það er að þau gildi áfram.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Reykingar og húsdýr



Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausrí brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Tjaldstæðisstyrkir

til félagsmanna sumarið 2023
verða kr. 27.000,- gegn framvísun
á löglegri kvittun

Stéttarfélögin niðurgreiða útilegukortin fyrir félagsmenn

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum víða um land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingu á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.500 per nótt fyrir gistinguna.



Fyrirtæki í ferðapjónustu -Neysluhlé-

Vegna ábendinga sem borist hafa til Framsýnar frá starfsmönnum í ferðapjónustu er rétt að hvetja fyrirtæki til að virða hvíldartímareglur sem gilda fyrir starfsmenn við dagleg störf. Neysluhlé í vaktavinnu skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.

Ferðaávísun í boði

-Kostakjör fyrir félagsmenn-

Félagsmenn sem velja að ferðast um landið í sumar og gista á þeim fjölmörgu hótélum og gistiheimilum sem stéttarfélagin hafa samið við um afsláttarkjör fyrir félagsmenn eiga rétt á ferðaávísun til viðbótar upp á kr. 20.000,-. Ávísunina geta félagsmenn notað til að niðurgreiða dvölina á hótélum og gistiheimilum sem finna má á orlofsvef stéttarfélaganna. Ferðaávísunin virkjust sjálfkrafa sé gisting á hótélum eða gistiheimilum pöntuð í gegn um orlofsvefinn. Það er, menn geta notað ávísunina til að greiða hverja nótt niður um 20% þó að hámarki kr. 20.000,-. Fram hefur komið hjá félagsmönnum að þeir eru mjög ánægðir með þennan möguleika að geta ferðast um landið og gisti á hótélum og gistiheimilum á sérkjörum stéttarfélaganna. Hér að neðan má sjá dæmi um fjölmarga gistimöguleika og gönguferðir sem eru í boði fyrir félagsmenn. Nánari upplýsingar eru að sjálfsgöðu í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Hótel Laugabakki

Norðurland



Hótel Vestmannaeyjar

Suðurland



Íslandshótel Reykjavík

Höfuðborgarsvæðið



Ferðafélag Íslands

Suðurland



Langholt

Vesturland



Siglunes

Norðurland



Vogur Sveitasetur

Vesturland



Hótel Katla

Suðurland



Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 60.000 til 80.000 í leigu fyrir vikuna.

Leiguverðið í sumari til félagsmanna verður

kr. 31.000,-

Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar fyrir stéttarfélögin að hafa húsin á leigu.

Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 27.000,-.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Stéttarfélögin eru með samning við **Bílaleiga Húsavíkur** Garðarsbraut 66 • Húsavík Símar 464 2500 & 892 3436

fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélögin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingið, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkafélagsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að tveggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útisvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsófa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útisvæði. Frá flugvellinum í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvellinum með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. Icelandair.

Verð á íbúð:

Vikuleiga er kr. 56.000,- og hver dagur eftir það kostar kr. 8.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 2.000 per. dag sem gist er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna. Eða hjá umsjónarmanni á Spáni sem er Inga J. Hjaltadóttir. Netfangið er ingajh@hotmail.com. Þangað er einnig hægt að senda fyrirspurnir um íbúðina.



Ánægðir með ferðaávísunina

Ljóst er að félagsmenn stéttarfélaganna eru duglegir við að notast við afsláttarkjör sem þeim bjóðast með kaupum á ferðaávísunum á heimasíðu félaganna, www.framsyn.is. Á árinu 2022 fengu félagsmenn um 2 milljónir í styrki frá félögunum í gegnum kaup á ferðaávísunum. Það er fyrir utan afsláttinn sem félögin höfðu áður samið um við ferðapjónustuaðila víðs vegar um landið og tilteknir eru inn á orlofsvef stéttarfélaganna undir þeim hótélum sem samið hefur verið við um þessi afsláttarkjör. Á hverju ári stendur félagsmönnum til boða 20.000 kr. ferðaávísun hjá félögunum. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Gjafabréf með Niceair

Framsýn hefur gengið frá samningi við flugfélagið Niceair um afsláttarkjör fyrir félagsmenn fljúgi þeir í gegnum Akureyri. Samningurinn gildir einnig fyrir félagsmenn Þingiðnar og STH. Félagsmenn geta verslað tvö gjafabréf á ári. Virði gjafabréfsins er kr. 32.000,-. Fyrir gjafabréfið greiða félagsmenn kr. 20.000,-. Fyrir tvö gjafabréf greiða félagsmenn kr. 40.000,- í stað kr. 64.000,-. Verðin taka mið af umsömdu verði og niðurgreiðslum stéttarfélaganna.

Gjafabréfin eru seld í gegnum orlofsvef stéttarfélaganna www.framsyn.is

Hægt er að nýta gjafabréfin til kaupa á flugfargjaldi og annarri bókuþjónustu hjá Niceair í gegnum bókuarsíðu félagsins www.niceair.is.



Auka þjónustu við erlenda félagsmenn

Eins og kunnugt er hefur erlendum starfsmönnum sem koma til Íslands fjölgað verulega á síðustu árum, það á við um félagssvæði Framsýnar og annarra stéttarféлага á Íslandi. Kallað hefur verið eftir því að stéttarfélögin gerðu sitt besta til að bæta þjónustuna við þennan stóra hóp verkafólks. Til að mæta þörfinni hafa stéttarfélögin ráðið Agnieszku Szczodrowsku í 50% starf hjá stéttarfélagunum og hóf hún störf í birjun febrúar. Aga var valin úr hópi 21 umsækjanda um starfið. Henni er ætlað að þjóna m.a. erlendum starfsmönnum er varðar þeirra réttindi á vinnumarkaði sem og öllum þeim öðrum sem leita til skrifstofunnar eftir upplýsingum. Þá mun hún einnig koma að vinnustaðaeftirliti fyrir stéttarfélögin. Aðalsteinn J. Halldórsson var áður í því starfi, það er áður en hann hætti hjá stéttarfélagunum. Frá þeim tíma hefur vinnustaðaeftirlitið að mestu legið niðri en með ráðningu á Agnieszku verður tekið myndarlega á þeim málum. Við bjóðum Ögu velkomna til starfa en hún verður til staðar á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.



Aga þekkir vel til starfa stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Á meðfylgjandi mynd er Aga ásamt Kasiu sem leit við hjá henni á Skrifstofu stéttarfélaganna og gat þess að hún væri afar ánægð með ráðninguna á Ögu til stéttarfélaganna.

Snillingar

Verslunin Heimamenn fagnaði 1 árs afmæli 10. mars. Elvar, Kristján, Binni og Halli sem koma að rekstrinum fögnuðu að sjálfsögðu tímamótunum enda eiga þeir mikinn heiður skilið að hafa svarað uppgjöf Húsasmiðjunnar með opnun verslunar á Húsavík. Til hamingju.



Viðræður hafnar SA

Fulltrúar frá Starfsgreinasambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins hittust í húsakynnum ríkissáttasemjara um miðjan janúar á fyrsta fundi til undirbúnings langtíma-kjarasamnings. Viðræðurnar eru í samræmi við verkáætlun sem fylgdi framlengingu Lífskjarasamningsins til 31. janúar 2024 þar sem viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila var frestað. Í samræmi við verkáætlun var á þessum fyrsta fundi fjallað um menntun, fræðslu og fagbréf, vinna hópsins skipulögð og umfang verkefnisins metin. Gengið var frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verði lokið í samræmi við þá tíma-setningu sem kemur fram í verkáætlun. Frá fyrsta fundi hefur verið fundað nokkuð stíft í starfshópnum og er mjög góður gangur í viðræðunum. Á meðfylgjandi mynd eru Maj-Britt Hjördís Briem og Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingar á vinnumarkaðssviði SA ásamt fulltrúum SGS, þeim Aðalsteini Árna Baldurssyni, Björgu Bjarnadóttir, Guðbjörgu Kristmundsdóttir og Finnþoga Sveinbjörnssyni.



Lög STH í endurskoðun

Undanfarið hefur verið unnið að því að endurskoða félagslög Starfsmannafélags Húsavíkur sem reyndar var löngu tímabært. Stjórn félagsins hefur samþykkt breytingarnar sem verða til afgreiðslu á aðalfundi félagsins í vor. Til stendur að halda félagsfund í byrjun apríl þar sem farið verður yfir lagabreytingarnar, þannig gefst almennum félagsmönnum tækifæri á að kynna sér breytingarnar fyrir aðalfundinn. Félagsmenn STH er velkomið að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og grípa með sér eintak af lagabreytingunum vilji þeir kynna sér málið frekar fyrir aðalfundinn. Þá veitir formaður félagsins, Hermína Hreiðarsdóttir, frekari upplýsingar um lagabreytingarnar sem og starfsmenn félagsins.



Páskaúthlutun lokið

Nú er búið að fara yfir umsóknir um páskaúthlutun. Ekki var sótt um allar íbúðir svo það er enn möguleiki á að skrá sig fyrir íbúð um páskana í íbúðum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Engir skiptidagar verða í boði yfir páskadagana svo það er einungis hægt að leigja frá miðvikudegi eða fimmtudegi og fram á mánudag/þriðjudag. Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna eða sendi póst á kristjan@framsyn.is.



Sjómenn kolfelldu kjarasamninginn

Niðurstaða úr atkvæðagreiðslu um nýgerðan kjarasamning Sjómannasambands Íslands og SFS sem Framsýn á aðild að liggur fyrir. Félagsmenn Sjómannasambandsins felldu samninginn með 67,43% greiddra atkvæða. 31,52% greiddu atkvæði með samningnum en 1,05% sat hjá. Alls voru 1.200 sjómenn á kjörskrá og greiddu 571 atkvæði og kjörsókn því 47,58. Sjómannasambandið mun funda fljótlega og ákveða næstu skref - en fátt virðist í stöðunni annað en að hefja undirbúning verkfalla. Samningar runnu út 2019 og hafa sjómenn verið samningslausir síðan.

Union holiday offer

The rental price for cottages and apartments for the holiday period is 31,000 ISK (the full cost of rent without union subsidies would be 80,000-50,000 ISK.)

Application time is until Monday, 17th of April. Information about the accommodation offer and the application form is placed in this brochure or on our website framsyn.is

Accommodation in hostels - refund in the amount of 2,500 ISK. per night.

Accommodation discount- 20,000 ISK. for hotels and motels on our holiday page.

Apartment in Spain - a two-room apartment in Alicante, a week's stay at the price of 56,000 ISK. and every day after one week rent is 8,000 isk. The union refund is ISK 2,000 per rental day. The maximum rental period is 14 days.

Campsites and a camping card - a refund of 27,000 ISK (upon presentation of proof of payment).

Discount on car rental in Bílalegja Húsavíkur -15% off the car rental price.

Discount at the Jarðbodinn bathing area in Mývatn - before buying a ticket, please collect a 15% voucher from our office.

Fishing card for 2023 - price 5.700 ISK.

Flights with Ernir airlines - the price of voucher/code, which entitles you to buy the ticket, is 15.000 isk.

We remind you that our apartments and cottages are non-smoking and pets are not allowed.

Greiðslur til starfsmanna sveitarfélaga

Í síðustu kjarasamningum árið 2020, milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands, sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn, var samið um sérstakt framlag frá sveitarfélögum og stofnunum þess í sérstakan Félagsmannasjóð starfsmanna. Fyrstu tvö árin hélt Starfsgreinasambandið utan um sjóðinn og sá um að greiða út til félagsmanna en á



síðasta ári var tekin ákvörðun um að stéttarfélögin innan SGS myndu taka við sjóðnum og sjá um að greiða út úr honum til sinna félagsmanna. Framsýn er því ætlað að taka við greiðslunum frá sveitarfélögum og greiða þær áfram til starfsmanna, það er 1. febrúar ár hvert. Í byrjun febrúar sl. var því komið að því að greiða úr sjóðnum fyrir árið 2022. Samtals námu greiðslur úr sjóðnum 24 milljónum sem fóru til 497 félagsmanna Framsýnar. Rétt er að geta að stéttarfélagið hefur ekki tekið staðgreiðslu af upphæðinni en greiðsla þessi fer inn á skattaskýrslu næsta árs sem þá reiknar staðgreiðslu hjá hverjum og einum.

Gengið frá stofnana-samningi við Vg

Starfsgreinasamband Íslands hefur gengið frá stofnana-samningi við Vegagerðina. Samningurinn byggir á ákvæðum kjarasamnings sambandsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. apríl 1919. Formaður Framsýnar kom að þessari vinnu fh. Starfsgreinasambandsins ásamt framkvæmdastjóra sambandsins og formanni Einingar-iðju. Á meðfylgjandi mynd má sjá formann Framsýnar fara yfir samninginn með fulltrúum starfsmanna Vegagerðarinnar á Húsavík, þeim Kristjáni Önundar og Þóri Stefáns trúnaðarmanni áður en gengið var frá undirritun samningsins um miðjan janúar.



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Samkvæmt kjarasamningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa fimm eða fleiri starfsmenn. Starfsfólk á hverjum vinnustað kys sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við viðkomandi stéttarfélag, Framsýn, Þingið eða Starfsmannafélag Húsavíkur. Eftir kosningu fær trúnaðarmaður og atvinnurekandi senda staðfestingu á kjöri.

Ef enginn trúnaðarmaður er á þínum vinnustað, viljum við biðja þig um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna 4646600 eða með því að senda tölvupóst á kuti@framsyn.is varðandi frekari upplýsingar og aðstoð við kjör á trúnaðarmanni. Til viðbótar má geta þess að stéttarfélögin standa reglulega fyrir trúnaðarmannanámsskeiðum. Námskeiðin er trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu auk þess sem þeir halda launum meðan á trúnaðarmannanámsskeiðinu standur. Á meðfylgjandi mynd er Sigurður Erlingsson sem nýlega var kjörinn trúnaðarmaður meðal starfsmanna Vatnajökulspjóðgarðs. Með honum á myndinni er Linda Ársælsdóttir samstarfsmaður hjá þjóðgarðinum.



Félagsmenn flyktust í leikhús

Að venju tóku stéttarfélögin, Framsýn, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur þátt í að niðurgreiða leikhúsmiða fyrir félagsmenn sem fóru á leiksyningar sem Leikfélag Húsavíkur og Leikdeild Eflingar í Reykjadal stóðu fyrir. Leikfélag Húsavíkur bauð gestum upp á Ávaxtakörfuna sem er eitt vinsælasta íslenska barnaleikrit allra tíma og Leikdeild Eflingar setti upp hið frábæra leikrit, Gauragang sem einnig hefur notið mikilla vinsælda meðal sýningargesta.



Kjarasamningur undirritaður við PCC

Í byrjun febrúar var undirritaður nýr kjarasamningur milli Framsýnar/Pingiðnar og PCC á Bakka. Samningurinn gildir frá 1. nóvember sl. til 31. janúar 2024. Kjarasamningurinn er sambærilegur kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands/Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins sem um 86% félagsmanna Framsýnar samþykktu í atkvæðagreiðslu. Samningurinn var einnig samþykktur af félagsmönnum Pingiðnar í rafrænni atkvæðagreiðslu. Ánægja er með samninginn meðal starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins. Þá var ákveðið að taka önnur atriði en laun til umræðu í haust, það er fyrir utan bónuskerfið sem þegar er hafin endurskoðun á. Trúnaðarmenn starfsmanna og stjórnendur PCC munu þróa kerfið áfram í samráði við Samtök atvinnulífsins og stéttarfélagin, Framsýn og Pingið. Alls koma starfsmenn frá 16 þjóðlöndum, Íslendingar og Pólverjar eru fjölmennastir. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar sérkjarasamningurinn var undirritaður í höfuðstöðvum PCC á Bakka við Húsavík.



Samið um framlengingu á gildandi kjarasamningi

Tjörneshreppur og Framsýn hafa gengið frá nýjum kjarasamningi fyrir starfsmenn hreppsins. Um er að ræða skammtíam-samning með gildistíma frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Hækkanirnar í samningnum eru þær sömu og Starfsgreinasamband



Íslands samdi um við Samband ísl. sveitarfélaga á dög-unum. Í kjarasamningunum 2019 samþykkti Tjörneshreppur að veita Sambandi ísl. sveitarfélaga ekki samningsumboð fyrir hreppinn. Þess í stað samþykkti sveitarstjórnin á þeim tíma að ganga til viðræðna við Framsýn um gerð á nýjum kjarasamningi fyrir starfsmenn sem gekk eftir. Kjarasamningurinn frá árinu 2019 hefur því verið framlengdur til 31. janúar 2024 eins og fram kemur í fréttinni. Ný launatafla tók gildi 1. janúar 2023.

Borgarhólsskóli í heimsókn

Fjölmennur hópur nemenda úr 10. bekk Borgarhólsskóla kom í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna í byrjun febrúar til að fræðast um starfsemi stéttarfélaga, það er um þrjátíu nemendur ásamt kennurum. Fulltrúi stéttarfélaganna fór yfir tilgang og markmið stéttarfélaga á vinnumarkaði auk þess að fara yfir innihald kjarasamninga. Nemendurnir meðtöku fræðsluna og spurðu út í hitt og þetta er tengist tilgangi stéttarfélaga og réttindum og skyldum á vinnumarkaði. Það er ánægjulegt til þess að vita að grunn- og framhaldsskólar á svæðinu hafa lagt mikið upp úr því að fá forystumenn stéttarfélaga inn í skólana með fræðslu.



Kraftmikil fundur sjómanna

Aðalfundur sjómanndeildar Framsýnar stéttarfélags fyrir árið 2022 var haldinn 29. desember. Kjaramál voru fyrirferðarmikil á fundinum. Nánar má lesa um helstu málefni fundarins inn á heimasíðu félagsins. Að venju fór fram kjör á stjórn deildarinnar á fundinum. Eftirtaldir hlutu kosningu:

Jakob Gunnar Hjaltalín formaður
Börkur Kjartansson varaformaður
Gunnar Sævarsson ritari
Aðalsteinn Steinþórsson meðstjórnandi
Héðinn Jónasson meðstjórnandi



Guðrún ný í stjórn

Aðalfundur Deildar Verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn í lok janúar. Fundurinn fór vel fram og var mætingin með ágætum. Töluverðar umræður urðu um ástandið í verkalýðshreyfingunni sem tengist kjarabaráttu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins sem verið hefur í hörðum hnút. Reyndar hefur mörgum verið blandað inn í deiluna og orðræðan verið skelfileg á köflum. Settur ríkissáttasemjari taldi sig knúinn til að leggja fram miðlunartillögu á dögnum sem nú hefur verið samþykkt. Almenn ánægja var hins vegar með kjarasamninginn sem Framsýn stóð að ásamt öðrum aðildarfélögum LÍV við Samtök atvinnulífsins með gildistíma frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 sé tekið mið af atkvæðagreiðslu um samninginn en tæplega 88% félagsmanna samþykktu kjarasamninginn í rafrænni atkvæðagreiðslu. Á fundinum var gengið frá kjöri á nýrri stjórn deildarinnar. Öll stjórnin var tilbúin að gefa kost á sér áfram nema Trausti Aðalsteinsson sem starfar ekki lengur á samningssviði deildarinnar. Í hans stað var Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir kjörin varaformaður deildarinnar. Hún starfar hjá endurskoðunar fyrirtækinu Enor á Húsavík. Guðrún er boðin velkomin til starfa um leið og Trausti fær kærar þakkir fyrir hans störf í þágu deildarinnar. Forsíðumyndin er af stjórninni. Með þeim á myndinni er ungur leiðtogi, Arnaldur Héðinn Einarsson, sem hafði hægt um sig á fundinum. Nánar er fjallað um helstu málefni fundarins á heimasíðu Framsýnar. Innan Framsýnar eru starfandi tvær deildir fyrir utan almennu deildina, Sjómannadeild og Deild verslunar- og skrifstofufólks.



Berjaya Mývatn Hotel til fyrirmyndar

Forsvarsmenn Berjaya Mývatn Hotels óskuðu eftir kynningu á kjarasamningum og starfsemi Framsýnar fyrir um 20 nýja starfsmenn sem ráðnir hafa verið til starfa síðustu vikunnar. Hótelið var opnað formlega um síðustu mánaðamót eftir lokun í nokkra mánuði. Starfsmenn stéttarfélaganna, þau Kristján Ingi og Agnieszka, áttu ánægjulega stund með starfsmönnum hótelsins. Kynningin fór vel fram og voru starfsmenn mjög ánægðir með heimsóknina frá Framsýn. Auk þess að fá góða kynningu var gengið frá kjöri á nýjum trúnaðarmanni. Kosningu hlaut Marta Sif Baldvinsdóttir og bjóðum við hana velkomna til starfa. Það er til mikillar fyrirmyndar þegar fyrirtæki hafa frumkvæði af því að leita til stéttarfélaganna eftir kynningu á réttindum starfsmanna og starfsemi stéttarféлага.



Marta Sif Baldvinsdóttir er nýr trúnaðarmaður hjá Berjaya Mývatn Hotels.

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á góðan afslátt á flugi með Icelandair milli landa. Með því að kaupa Gjafabréf Icelandair inn á orlofsvef stéttarfélaganna á kr. 24.000,- gildir það sem kr. 30.000,- upp í ferðina. Hverjum félagsmanni er heimilt að kaupa tvö gjafabréf á ári með Icelandair.

Frekari upplýsingar eru á <http://orlof.is/framsyn/>



Fjör á fundi Framsýnar

Hefð er fyrir því innan Framsýnar að halda jólafund félagsins á adventu fyrir stjórn, trúnaðarráð, trúnaðarmenn, starfsmenn og stjórn Framsýnar-ung. Þannig vill Framsýn þakka þeim fjölmörgu, sem flestir starfa í sjálfböðavinnu, fyrir framlag þeirra í þágu félagsmanna. Auk venjulegra fundarstarfa var boðið upp á kvöldverð og skemmtiatriði sem fundarmenn sáu sjálfir um að tendra fram. Að venju stóð skemmtinefndin sig afar vel en Ósk Helgadóttir fór fyrir henni. Þá má ekki gleyma því að starfsfólkið á Gamla bauk sá til þess að enginn færi svangur heim. Á fundinum var Ósk varaformaður heiðruð með blómvendi frá samstarfsfólkinu innan Framsýnar, en hún hefur verið mjög virk í starfi félagsins enda einstök kona í alla staði er viðkemur ekki síst verkalyðsmálum. Myndirnar frá fundinum tala sínu máli en það er bæði gefandi og skemmtilegt að starfa fyrir eitt öflugasta stéttarfélag landsins. Höfum í huga að það er alltaf pláss fyrir áhugasama félagsmenn sem vilja gefa kost á sér í gefandi og skemmtileg störf í þágu Framsýnar.



Kalla eftir uppbyggingu á ódýru leiguhúsnæði

Bjarg íbúðafélag er húsnæðissjálfsseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB sem stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum eiga aðild að, Framsýn, Þingið og STH. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger“. Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma. Nýlega stóðu stéttarfélögin í samstarfi við Norðurþing fyrir fundi með framkvæmdastjóra leigufélagsins, Birni Traustasyni um hugsanlegt samstarf um uppbyggingu á leiguhúsnæði í Norðurþingi. Fundurinn var vinsamlegur í alla staði og fram kom fullur vilji fundarmanna til að þróa samstarfið áfram. Fyrir liggur að það er mikil vöntun á leiguhúsnæði á Húsavík fyrir tekjulaga. Þá kallar frekari atvinnuuppbygging í Öxarfirði á aukið framboð á húsnæði fyrir þá sem vilja setjast að á svæðinu. Rétt er að ítreka að Bjarg íbúðafélag er sérsníðið að tekjulágum einstaklingum á vinnumarkaði sem eiga hvað erfiðast með að komast í leiguhúsnæði á almenna húsnæðismarkaðinum vegna tekna.



Gríðarleg ánægja með kjarasamning SGS og SA

Efmarkamániðurstöðuna úratkvæðagreiðslufélagsmanna Framsýnar um kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins voru félagsmenn mjög ánægðir með samninginn. Reyndar hefur það líka komið fram á vinnustaðafundum og félagsfundum sem Framsýn hefur haldið um kjaramál. Skrifað var undir kjarasamning SA og SGS 3. desember. Alls voru 1.521 félagsmenn Framsýnar á kjörskrá. Kjörsókn var 11,05%. Um 85% félagsmanna sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni samþykktu kjarasamninginn. Nei sögðu um 14% félagsmanna og innan við 1% skiluðu auðu. Þetta eru mikil gleðitíðindi enda endurspeglast ánægja félagsmanna í niðurstöðunni. Nýr kjarasamningur tók því gildi frá 1. nóvember 2022 með gildistíma til 31. janúar 2024. Vissulega er mikið áhyggjuefni að félagsmenn aðildarféлага ASÍ skuli ekki almennt taka betur þátt í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga þrátt fyrir að þær séu rafrænar.

Heiðurshjón stiga til hliðar

Stjórn Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum, hélt sinn síðasta stjórnarfund á árinu í Dalakofanum í Reykjadal rétt fyrir áramótin. Þar tóku á móti þeim geislandi starfsmenn og heiðurshjónin Haraldur Bóasson og Þóra Fríður Björnsdóttir sem nú hafa stigið til hliðar og hætt starfsemi. Hjónin hafa rekið veitingastaðinn af miklum myndarskap í rúmlega áratug auk þess að reka verslun í sama húsnæði. Aðrir aðilar hafa nú tekið reksturinn á leigu. Á ferð sinni í Dalakofann notaði stjórn Þingiðnar tækifærið og þakkaði þeim Halla og Lillý fyrir framlag þeirra til samfélagsins með smá glaðningi frá félaginu.



Spjallað fyrir félagsfundinn

Þessir tveir Aðaldælingar mættu tímanlega á félagsfund Þingiðnar um kjarasamning Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins sem Þingið á aðild að fyrir sína félagsmenn. Fundurinn fór fram í desember. Þetta eru þeir Jónas Kristjánsson og Kristján Gíslason. Fundurinn var óvenju fjögurur. Ekki var annað að heyra en menn væru ánægðir með samninginn en rúmlega 70% félagsmanna samþykktu samninginn í atkvæðagreiðslu. 21,43% lögðust gegn samþykkt samningsins og 7,14% félagsmanna skiluðu auðu. Samningurinn hefur sama gildistíma og kjarasamningur SGS og SA eða til 31. janúar 2024.



Hvalaskoðunar-samningur í vinnslu

Viðræður eru hafnar um endurskoðun á kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar um kjör og réttarstöðu félagsmanna sem starfa á farpegabátum í ferðapjónustu. Þegar Fréttabréfið fór í prentun stóðu viðræður yfir milli samningsaðila. Vilji er til að klára samningagerðina á næstu dögum enda stutt í það að hvala- og fuglaskoðun frá Húsavík verði komin á fullt.



Verslunarmenn samþykktu kjarasamninginn

Verslunar- og skrifstofufólk innan Framsýnar samþykktu kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Landssambands Ísl, verslunarmanna sem Framsýn á aðild að fyrir tæplega 300 félagsmenn, það er verslunar- og skrifstofufólk. Kjarasamningurinn var samþykktur í rafrænni atkvæðagreiðslu. Já sögðu 87,5%, nei sögðu 12,5%. Samningurinn skoðast því samþykktur. Samkvæmt þessari niðurstöðu ríkir mikil ánægja með kjarasamninginn sem gildir til 31. janúar 2024.



Ný þjónusta í boði

Stundum er sagt að hlutir hafi tilhneigingu til að fara í hringi. Þegar Pétur heitinn Jónasson ljósmyndari var að undirbúa og byggja íbúðarhús og aðsetur fyrir ljósmyndastofu á Stóragarði 15 byrjaði hann á að fá rými á fjórðu hæð í Kaupfélagshúsinu og útbjó þar framköllunaraðstöðu. Sem nýttist vel þangað til ljósmyndastofan varð tilbúin og opnaði á Stóragarðinum. Þar var hún starfrækt þangað til í fyrra og eins og margir þekkja, vel búin tækjum og þekkingu varðandi myndir og myndatengda þjónustu, í takt við fánlega tækni á hverjum tíma.



Hafþór Hreiðarsson.

Núna er tækjabúnaður af Ljósmyndastofu Péturs kominn á aðra hæð í Kaupfélagshúsinu og þar er veitt ýmis konar þjónusta. „Við Pétur höfum unnið nokkuð saman undanfarin ár og þegar fór að halla undan fæti var m.a. rætt hvort og hvernig væri mögulega hægt að halda starfseminni áfram í einhverri mynd“ segir Gunnar Jóhannesson. „Eftir fráfall Péturs var gert samkomulag við aðstandendur og undirbúningur flutnings á tækjum, búnaði hófst“. Hafþór Hreiðarsson gekk til liðs við TN ehf í ágúst og vinna við að fara í gegnum ljósmyndastofuna hófst. „Við tókum að okkur að fara í gegnum búnað og mjög mikið af myndum, gögnum og allskonar sem hafði safnast saman í langan tíma. Mikil saga sem þarna var og mikil vinna fór í að flokka og fara yfir“ segir Hafþór.

TN er með ágætis aðstöðu í Kaupfélagshúsinu á annarri hæð. Þar er veitt m.a. almenn myndþjónusta, tókur og myndvinnsla, stafræn framköllun, stækkanir á myndum og útprentun, teikningaútprentun, skiltagerð, plöstun ofl. „Við erum með nokkra prentara fyrir mismunandi notkun“ segir Hafþór, „svo hægt er að þjónusta hvort heldur sem er með venjulegar myndir í hefðbundum stærðum eða stækkanir. Stærsti prentarinn getur prentað 130 cm á breidd, svo stækkun á myndum er ekki vandamál svo lengi sem gæði myndar eða annars efnis eru nægileg.“

„Við erum ekki meistari Pétur“, segir Gunnar, „en við kappkostum að veita góða þjónustu og byggja á því sem hefur verið og byggja svo ofan á ofan á það eftir aðstæðum og eftirspurn. Við erum t.d. með aðeins af römmum, kartonum og slíku sem tengist frágangi mynda/útprentana.“

Margir hafa velt fyrir sér, hvað verður um allan þann fjársjóð af myndum sem ljósmyndastofan hefur tekið frá upphafi. „Við varðveitum filmusafnið í bili og höfum síðan aðgang að því, auk þess að hafa öll stafræn gögn. Þetta þýðir að fólk getur leitað til okkar til að athuga með mynd sem tekin var á einhverjum tilteknum tíma. Filmusafnið er skráð svo hægt að leita en allt getur samt tekið sinn tíma“, segir Gunnar að lokum.

Hátíðarhöldin 1. maí með öðru sniði í ár?

Til skoðunar er hjá stéttarfélagunum að gera verulegar breytingar á 1. maí hátíðarhöldunum sem félögin hafa staðið fyrir í Íþróttahöllinni á Húsavík á undanförunum árum. Á sínum tíma voru hátíðarhöldin færð úr Félagsheimili Húsavíkur í Íþróttahöllina vegna fjölmennis. En tímarnir breytast og mennirnir með og telja stéttarfélögin nú, í ljósi breyttrar samfélagsgerðar ástæðu til að skoða hvort færa eigi hátíðarhöldin aftur á Fosshótel Húsavíkur, áður Félagsheimili Húsavíkur. Dagskrá yrði þá með nokkuð öðru sniði en verið hefur, með ávarpi dagsins, léttri tónlist og kaffihlaðborði af bestu gerð. Gestir geti notið samverunnar og komið og farið þegar þeir vilja. Reyndar hafa stéttarfélög víða um land tekið upp þennan síð til að takast á við nýja tíma, en verði að þessum breytingum verða þær betur auglýstar á næstu vikum.



Sumarferð í skoðun

Að venju er áhugi á því hjá stéttarfélagunum að fara í sumarferð en þær hafa flestar verið mjög vinsælar og verið uppselt í þær. Í sumar er til skoðunar að fara austur á Melrakaslétu og skoða sig um með viðkomu á nokkrum áhugasömum stöðum frá Tjörnesi austur að Þórshöfn. Ferðin verður betur auglýst í næsta Fréttabréfi sem kemur út í maí/júní.



Forsætisráðherra leit við

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að miklar deilur hafa verið innan verkalyðshreyfingarinnar undanfarna mánuði auk þess sem Efling og Samtök atvinnulífsins náðu ekki að semja um kaup og kjör félagsmanna Eflingar í margra vikna kjaraviðræðum. Þess í stað lagði settur Ríkissáttasemjari fram Miðlunartillögu 1. mars sem samþykkt var í rafrænni atkvæðagreiðslu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók nýlega hús á formanni Framsýnar þar sem staðan á vinnumarkaðinum var tekin til umræðu sem og byggða- og atvinnumál. Eðlilega hafði Katrín miklar áhyggjur af stöðunni á vinnumarkaðinum enda hefur hún lagt mikið upp úr því að eiga gott samstarf við verkalyðshreyfinguna. Aðalsteinn Árni tók heilshugar undir áhyggjur forsætisráðherra á stöðunni.



Sjálfkrafa fyrning orlofs er ólögmæt

Evrópudómstóllinn hefur staðfest með óbyggjandi hætti að sjálfkrafa fyrning áunnins orlofs sé ólögmæt hafi atvinnurekandi í raun ekki sett starfsmann sinn í aðstöðu til að nýta sér hið áunna orlof. Dómurinn staðfestir þannig þá túlkun lögfræðinga ASÍ á samningsákvæðum tiltekinna kjarasamninga, að atvinnurekendur bera þá frumskyldu að sjá til þess að starfsmenn sínir taki það launaða orlof sem þeir eiga rétt á og geti hvorki hirt af þeim frídaga né orlofsfé. Stundum hefur borið á því að atvinnurekendur, þar með talið hið opinbera, telji að áunnið orlof, bæði áunnir frídagar og réttur til greiðslu orlofsfjár vegna þeirra sömu daga, fynnist sjálfkrafa hafi orlof ekki verið tekið. Þetta hefur verið byggt á túlkun þeirra á 13. gr. orlofsлага nr. 30/1987 þar sem segir: „Framsál orlofslauna og flutningur þeirra á milli orlofsára er óheimilt.“ ASÍ hefur ætíð verið ósammála þessari túlkun á þeirri einföldu forsendu á atvinnurendur bera þá óumdeildu skyldu að sjá til þess að starfsmenn þeirra taki lög- og kjarasamningsbundið orlof og hvíld frá störfum. Sjá betur um orlofsreglur á vinnuréttarvef ASÍ.

Breytt styrkhlutfall fræðslusjóðanna

Vegna áhrifa frá Covid 19 settu fræðslusjóðirnir, sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn, af stað áttak í fræðslu sem hófst 15. mars 2020. Hluti áttaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga. Nú er áttakinu lokið og stjórnir sjóðanna hafa ákveðið að endurgreiðsluhlutfallið fari í 80% hjá fyrirtækjum og 80% til einstaklinga hjá Landsmennt og Sjómennt. Hjá Ríkismennt og Sveitamennt 80% til einstaklinga. Breytingin tók gildi 1. janúar 2023 gagnvart því námi sem hefst eftir þann tíma.



Söngur og gleði á Öskudeginum

Ýmsar kynjaverur heimsóttu Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn og skemmtu starfsfólki með söng og gleði. Allir fengu svo smá sælgæti að launum fyrir sönginn. Þetta er gamall og skemmtilegur siður sem lífgar svo sannarlega upp á hversdaginn. Starfsfólk stéttarfélaganna þakkar kærlega fyrir sig enda frábært í alla staði að fá heimsins bestu gesti í heimsókn.



Félagi, ert þú í ferðahug?

Skoðaðu þá endilega orlofsvef stéttarfélaganna sem er inn á heimasíðunni okkar, framsyn.is. Ótrúlega góð tilboð í boði fyrir félagsmenn varðandi gistingu og aðra afþreyingu á Íslandi sumarið 2021. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna.



TAKK ÉG

Þú munt þakka þér fyrir sparnaðinn

